

Héraðsnefnd Árnesinga 58. fundur

haldinn í Ráðhúsi Árborgar
17. desember 2012.

1. **Oddviti héraðsnefndar, Gunnar Þorgeirsson, setti fundinn** og bauð fundarmenn velkomna. Aðaltilefni fundarins lá fyrir í fundarboði, tillaga að breyttum samþykktum. Að öðru leyti:
 - a) **Fundargerðir héraðsráðs nr. 179 og 180** kynntar efnislega og síðan staðfestar.
 - b) **Kynnt fundargerð stjórnar Byggðasafns Árnesinga frá 11. des. 2012.** Þar kemur m.a. fram að Inga Lára Baldvinsdóttir hefur sagt sig úr stjórn Byggðasafnsins þar sem hún er þeirrar skoðunar að grundvallarþáttum í starfsemi safnsins sé ekki sinnt svo sem beri að gera. Fagleg málefni Byggðasafnsins rædd vítt og breitt í kjölfar þess, svo og húsnæðis- og geymslumál safnsins. Minnt var á að skoða beri húsnæði á markaði, sem hentugt væri fyrir safnið. Til máls tóku Guðmundur Þór Guðjónsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Eggert Valur Guðmundsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn Steinarsson, Ari Thorarensen, Eyþór Arnalds, Helgi S. Haraldsson og Aldís Hafsteinsdóttir auk oddvita, sem þakkaði Ingu Láru störf hennar í þágu safnsins.
2. **Stofnsamningur „Héraðsnefndar Árnesinga bs.“**, liggur fyrir fundinum. Helsta breyting frá fyrri samningi er að Brunavarnir Árnessýslu eru nú ein þeirra stofnana sem heyra undir héraðsnefnd. Var nýr samningur sendur sveitarfélögunum til yfirlustrar og athugasemda eftir atvikum. Fundarmenn samþykktu hinn nýja samning, að smávægilegum breytingum loknum, og er hann svohljóðandi:

**Stofnsamningur Héraðsnefndar Árneseinga bs.
Nafn, heimili og verkefni.**

1. gr.

Byggðasamlagið heitir Héraðsnefnd Árneseinga bs. Heimili þess og varnarþing er í Árneseýslu. Byggðasamlagið er stofnað í samræmi við ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138, 2011.

Stofnendur Héraðsnefndar Árneseinga bs. eru eftirtalin sveitarfélög:

1. Sveitarfélagið Árborg.
2. Hveragerðisbær.
3. Bláskógabyggð.
4. Flóahreppur.
5. Grímsnes- og Grafningshreppur.
6. Hrunamannahreppur.
7. Skeiða- og Gnúpverjahreppur.
8. Sveitarfélagið Ölfus.

2. gr.

Merki Árneseýslu skal vera merki Héraðsnefndar Árneseinga bs.

3. gr.

Verkefni byggðasamlagsins er að annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinna stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem aðilar eru að byggðasamlaginu. Þær eru:

1. Listasafn Árneseinga.
2. Byggðasafn Árneseinga.
3. Héraðsskjalasafn Árneseinga.
4. Tónlistarskóli Árneseinga.
5. Almannaþarnir Árneseýslu.
6. Brunavarnir Árneseýslu.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árneseinga bs. setur stofnunum samþykktir, þar sem kveðið skal á um markmið þeirra og verkefni. Auk þessara verkefna annast byggðasamlagið þau verkefni sem varða öll aðildarsveitarfélögin og sveitarstjórnir fela henni samkvæmt sérstakri samþykkt allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna. Þá skal byggðasamlagið láta sig skipta sveitarstjórnarmál sem varða héraðið sem heild og tillögur um hvað eina sem verða má héraðinu til gagns.

II. Stjórnskipulag.

4. gr.

Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna skulu eigi síðar en 15. júlí á því ári sem kosið er til sveitarstjórna tilnefna fulltrúa í fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. til fjögurra ára í senn.

Kjörgengir í fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. eru aðalmenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórnar aðildarsveitarfélaga. Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaga tilnefna einn fulltrúa og annan til vara fyrir hvert byrjað þúsund samkvæmt íbúatölu viðkomandi sveitarfélags 1. desember fyrir sveitarstjórnarkosningar. Varafulltrúar skulu tilnefndir úr hópi aðal- og varamanna í sveitarstjórn og framkvæmdastjóra sveitarfélaga. Auk þess hafa sveitarfélög með íbúa undir 1000 heimild til að tilnefna einn áheyrnarfulltrúa með málfrelsi og tillögurétt. Skal sá fulltrúi vera aðalmaður í sveitarstjórn.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. skal koma saman til fyrsta fundar eftir hverjar sveitarstjórnarkosningar eigi síðar en 30. júlí. Oddviti fjölmennasta aðildarsveitarfélagsins skal boða fulltrúaráð saman til fyrsta fundar, setur fundinn og stjórnar honum uns formaður fulltrúaráðs hefur verið kjörinn.

Fulltrúaráð kýs sér formann og varaformann úr eigin hópi til tveggja ára á fyrsta fundi eftir sveitarstjórnarkosningar. Formaður stjórnar fundum fulltrúaráðs. Fulltrúaráð kýs fundarritara úr sínum hópi eða ræður sérstakan fundarritara. Formaður skal sjá um að fundargerðir séu skipulega færðar í sérstaka gerðabók, þar sem m.a framkomin mál skulu skráð og hvaða afgreiðslu þau hljóta.

Formaður og varaformaður fulltrúaráðs skulu jafnframt vera formaður og varaformaður framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Skipuð skulu þriggja manna fagråd fyrir stofnanir sem falla undir gildissvið samningssins til tveggja ára, nema um annað sé kveðið á í lögum. Í hverju fagráði skal sitja einn fulltrúi úr framkvæmdastjórn og skal hann jafnframt vera formaður fagráðsins.

5. gr.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. skal halda tvo reglulega fundi á ári. Ár hvert skal halda vorfund eigi síðar en 15. maí og haustfund eigi síðar en 10. október sbr. þó 3. mgr. 4. gr. samningsins. Aukafundi skal halda að beiðni framkvæmdastjórnar eða ef a.m.k þriðjungur fulltrúaráðs óskar þess.

Til funda fulltrúaráðs skal boða með a.m.k. fimm daga fyrirvara, bréflega eða með rafpósti.

Á vorfundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir framkvæmdastjórnar.
2. Ársreikningar og ársskýrslur þeirra stofnana sem falla undir gildissvið samningsins.

3. Kosningar sbr. 6. gr.
4. Skipun þriggja manna fagráðs fyrir stofnanir.
5. Kosning sérstakra starfsnefnda telji fundurinn þörf á því. Þær skulu starfa á milli funda og fjalla um einstök mál sem þeim eru falin af fulltrúaráði byggðasamlagsins.
6. Önnur mál.

Á haustfundi skal eftirfarandi tekið fyrir:

1. Fundargerðir framkvæmdastjórnar.
2. Fjárhagsáætlun komandi árs ásamt þriggja ára áætlun.
3. Kosning sérstakra starfsnefnda telji fundurinn þörf á því. Þær skulu starfa á milli funda og fjalla um einstök mál sem þeim eru falin af fulltrúaráði byggðasamlagsins.
4. Önnur mál.

Atkvæðavægi allra fulltrúa skal vera jafnt. Fulltrúaráð getur enga ályktun gert nema meira en helmingur fulltrúa séu viðstaddir á fundi. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Fulltrúaráð samþykkir alla meiriháttar samninga sem gerðir eru og teljast ekki til daglegs rekstrar einstakra stofnana eða falla undir verksvið framkvæmdastjórnar samkvæmt samningi þessum.

6. gr.

Fulltrúaráð byggðasamlagsins kýs framkvæmdastjórn til tveggja ára frá upphafi kjörtímabils sveitarstjórna. Kosning skal fara fram eigi síðar en á fyrsta reglulega fundi fulltrúaráðs eftir sveitarstjórnarkosningar. Að liðnum tveimur árum skal ný framkvæmdastjórn kosin á vorkundi fulltrúaráðs.

Framkvæmdastjórn byggðasamlagsins skal skipuð fimm aðalfulltrúum og jafnmörgum til vara. Formaður og varaformaður sitja í framkvæmdastjórn skv. 3 gr, að öðru leyti skiptir framkvæmdastjórn með sér verkum.

Kjörgengir til setu í framkvæmdastjórn eru aðalmenn í sveitarstjórnnum og framkvæmdastjórar aðildarsveitarfélaganna.

Framkvæmdastjórnin heldur fundi svo oft sem þurfa þykir og að jafnaði eigi sjaldnar en á tveggja mánaða fresti. Heimilt er þó að fella niður fundi á sumarleyfistíma. Aukafundi skal halda eftir þörfum og skylt er að halda fund óski tveir meðlimir framkvæmdastjórnar eftir því. Formaður framkvæmdastjórnar boðar til fundar og stýrir þeim.

Um atkvæðisvægi og ályktunarhæfi gilda sömu reglur og koma fram í 5. gr. samningsins.

7. gr.

Hlutverk framkvæmdastjórnar byggðasamlagsins er að hafa yfirumsjón með rekstri stofnana í samstarfi við forstöðumenn þeirra. Framkvæmdastjórnin ræður forstöðumenn stofnana og gerir við þá ráðningarsamninga ásamt starfslýsingu í samstarfi við fagráð.

Framkvæmdastjórn gerir erindisbréf fyrir fagráð sem starfa með viðkomandi stofnunum. Framkvæmdastjórnin starfar á milli funda fulltrúaráðs og undirbýr mál fyrir fundi sem fulltrúaráð felur henni.

III. Fjármál og rekstur

8. gr.

Fagráð hvernar stofnunar undirbýr fjárhags- og starfsáætlun hvers árs og þriggja ára áætlun og leggur drög að tillögum fyrir framkvæmdastjórn eigi síðar en 15. september. Framkvæmdastjórn fjallar um tillögur fagráðanna og leggur fjárhags- og starfsáætlanir ásamt þriggja ára áætlun fram til samþykktar á haustfundi fulltrúaráðs. Framkvæmdastjórn leggur fram ársreikning á vorfundi.

Fundargerðir framkvæmdastjórnarfunda og fulltrúaráðs skulu sendar aðildarsveitarfélögum til kynningar sem og fjárhags- og starfsáætlanir, þriggja ára fjárhagsáætlun og ársreikningur. Reikningsár byggðasamlagsins er almanaksárið.

Framkvæmdastjórn ákveður fyrirkomulag fjármála og bókhalds. Endurskoðun reikninga byggðasamlagsins er í höndum löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfirma sem fulltrúaráð byggðasamlagsins ákveður.

Sveitarstjórnir og endurskoðendur aðildarsveitarfélaga eiga rétt á aðgangi að öllum gögnum um stjórnslu byggðasamlagsins.

9. gr.

Tekjur byggðasamlagsins eru árleg framlög aðildarsveitarfélaganna samkvæmt fjárhagsáætlun og aðrar tekjur sem til falla. Framlögum vegna þeirra stofnana sem talin eru upp í 1-3. tl. 1. mgr. 3. gr. sammingsins skal jafnað niður á aðildarsveitarfélögin að helmingi miðað við íbúafjölda 1. desember árið á undan og að helmingi miðað við tekjur sveitarsjóðs af útsvörum, fasteignasköttum og framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga næst liðins ár.

Framlög vegna Brunavarna Árnessýslu skiptast þannig að 30% framlaga skal miða við íbúafjölda og 70% við brunabótamat fasteigna í viðkomandi sveitarfélagi næstliðins árs.

Framlög vegna Tónlistarskóla Árnesinga eru samkvæmt 8. gr. reglugerðar f. Tónlistarskóla Árnesinga sem samþykkt var að Menntamálaráðherra þann 1. 1.2002. 75% vegna kennslustundafjölda og 25 % miðast við íbúafjölda.

Um framlög til Almannavarna Árnæssýslu fer skv. 32. gr. laga nr. 82/2008 en þar segir að framlögin skuli vera í samræmi við íbúafjölda.

Heimilt er að lækka álagningarstofn sveitarfélags ef tekjur hafa ekki innheimst vegna gjaldþrota eða annarra ófyrirsjáanlegra ástæðna.

Aðildarsveitarfélög skulu greiða 1/12 hluta fyrirfram fyrir 10. hvers mánaðar. Verði vanskil á greiðslum framlags greiðast dráttarvextir af vanskilafénu í samræmi við 32. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. III kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

10. gr.

Samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaganna þarf til að ákvarðanir byggðasamlagsins um fjárfestingar, meiriháttar eignabreytingar, ólögbundin útgjöld og skuldbindingar öðlist gildi.

11. gr.

Sveitarfélög þau sem aðild eiga að Héraðsnefnd Árnesinga bs. bera einfalda ábyrgð á fjárhagsskuldbindingum byggðasamlagsins í sameiningu. Innbyrðist skiptist ábyrgðin í hlutfalli við fólksfjölda 1. desember næstliðins árs, nema annað sé ákveðið varðandi einstök verkefni.

12. gr

Ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli samnings þessa, hvort sem um er að ræða ákvarðanir fulltrúaráðs eða framkvæmdastjórnar, eru ekki kæranlegar til aðildarsveitarfélaga.

Um hæfi fulltrúaráðsmanna og framkvæmdastjórnar til þátttöku í meðferð eða afgreiðslu mála þar sem á eða til greina kemur að taka stjórnvaldsákvörðun samkvæmt 2. mgr. 1. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 gilda ákvæði II. kafla þeirra laga.

IV. Úrganga úr byggðasamlagi og slit byggðasamlags.

13. gr.

Samning þennan skal endurskoða á a.m.k 10 ára fresti með hliðsjón af reynslu og framkvæmd hans og breyttum aðstæðum. Til þess að breytingar á samningnum öðlist gildi þarf samþykki 2/3 sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga og að íbúar í þeim sveitarfélögum séu að lágmarki helmingur íbúa í héraði.

Aðildarsveitarfélög geta með tveggja ára fyrirvara sagt upp aðild að byggðasamlaginu. Samhliða getur aðildarsveitarfélag krafist innlausnar á nettó núvirðisreiknuðum eignarhlut sínum í byggðasamlaginu. Rísi ósætti um úrgöngu sveitarfélags úr byggðasamlaginu skal vísa málinu til ráðuneytisins, sbr. 3. mgr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138, 2011.

Til þess að starfsemi byggðasamlagsins sé hætt þarf samþykki allra sveitarstjórna aðildarsveitarfélaga eða hún hafi verið samþykkt í almennri atkvæðagreiðslu á starfssvæði byggðasamlagsins.

Sé ákveðið að hætta starfsemi byggðasamlagsins skal skipa sérstaka skiptastjórn í samræmi við ákvæði 5. mgr. 95. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138, 2011.

V. Önnur ákvæði

14. gr.

Þar sem ákvæði samþykktar þessar segja ekki til um hvernig með skuli fara skal hlíta ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138, 2011, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Stofnsamningur þessi tekur gildi 1. janúar 2013. Með samningi þessum fellur úr gildi samningur um Héraðsnefnd Árnesinga frá 29. apríl 2006. Stofnsamningur þessi yfirtekur allar eignir og skuldir samkomulags um Héraðsnefnd Árnesinga frá 29. apríl 2006.

Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir ákvæði 5. og 6. gr. skal kosið til framkvæmdastjórnar á aukafundi Héraðsnefndar Árnesinga í desember 2012. Fagráð skv. 4. gr. skulu skipuð á sama fundi. Taka framkvæmdastjórn og fagráð til starfa við gildistöku samnings þessa þann 1. janúar 2013.

Þannig samþykkt á Selfossi 17. desember 2012.

Sveitarfélagið Árborg
Hveragerðisbær
Grímsnes og Grafningshreppur
Bláskógabyggð

Sveitarfélagið Ölfus
Flóahreppur
Skeiða og Gnúpverjahreppur
Hrunamannahreppur

og staðfesta fulltrúar sveitarfélaganna samninginn með undirskrift sinni.

3. Skipun fagraða:

Eftirtaldir tillögur í framkvæmdastjórn og fagrað á vegum Héraðsnefndar Árnesinga bs. voru samþykktar samhljóða:

Framkvæmdastjórn:

Ari Thorarensen formaður
Aldís Hafsteinsdóttir varaformaður
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sveinn Steinarsson
Drífa Kristjánsdóttir
Til vara:
Eyþór Arnalds
Eggert Valur Guðmundsson
Stefán Jónsson
Ragnar Magnússon
Guðmundur Þór Guðjónsson

Fagrað Tónlistarskóla Árnesinga:

Drífa Kristjánsdóttir formaður
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Sigríður Lára Ásbergisdóttir
Til vara:
Ari Thorarensen
Eiríkur Ágústsson
Ninna Sif Svavarsdóttir

Fagrað Byggðasafns Árnesinga:

Arna Ír Gunnarsdóttir formaður
Eva Marín Hlynisdóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson
Til vara:
Hörður Óli Steinarsson
Sigurður Steindórsson
Kristín Magnúsdóttir

Fagrað Héraðsskjalasafns Árnesinga:

Sveinn Steinarsson formaður
Kjartan Björnsson
Tryggvi Steinarsson
Til vara:
Stefán Jónsson
Óskar Jónsson
Sigríður Jónsdóttir

Fagrað Listasafns Árnesinga:

Aldís Hafsteinsdóttir formaður
Alda Sigurðardóttir
Sigurlína Kristinsdóttir
Til vara:

Brynhildur Jónsdóttir
Sigríður Helga Olgeirsdóttir
Anna Björg Níelsdóttir

Fagrað Brunavarna Árnassýslu:
Ari Thorarensen formaður
Jón G. Valgeirsson
Ólafur Örn Ólafsson
Til vara:
Eyþór Arnalds
Ingibjörg Harðardóttir
Guðmundur Þór Guðjónsson

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:
Jón Páll Kristófersson
Til vara:
Eyþór H. Ólafsson

Fulltrúi í stjórn Alviðru:
Aðalsteinn Sveinsson
Til vara:
Sveinn Steinarsson

Almannavarnir Árnassýslu:
Hér vísað í fyrri samþykktir: Starfandi framkvæmdastjórar sveitarfélaganna skipa stjórn nema annað sé ákveðið.

Fjárhaldsmaður Héraðsnefndar Árnesinga:
Ingibjörg Garðarsdóttir fjármálastjóri í Árborg.

Ritari:
Halla Guðmundsdóttir.

Allflestir fundarmenn tóku til máls undir þessum lið; m.a. var umræða um kynjahlutföll í nefndum og ráðum.

Ofangreindar tillögur allar samþykktar samhljóða.

4. Önnur mál:

- a) **Minjasafnið í Gröf.** Ragnar Magnússon skýrði frá því að undirrituð hafi verið viljayfirlýsing um að Hrunamannahreppur eigi minjasafnið en Byggðasafn Árnesinga reki það – hliðstætt við t.d. Sjóminjasafnið. Áhugi er á því að skapa sérstöðu með safni eða „setri“ tileinkað Fjalla-Eyvindi. Hugmyndir eru allar í mótun, enda – eins og fundarmenn bentu á – skv. samþykktum Héraðsnefndar Árnesinga bs. þurfa fjárhagslegar skuldbindingar að vera samþykktar af aðildarsveitarfélögum. Vonir standa til að leggja megi mótaðar hugmyndir/áætlanir fyrir vorfund. Sandra Dís Hafþórsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir tóku til máls auk oddvita.

- b) Fulltrúar sveitarfélaganna **undirrituðu nú nýjan samning um Héraðsnefnd** Árnesinga bs., og tekur hann gildi um áramót.
- c) Oddviti þakkaði fundarmönnum góða samveru, óskaði nefndinni velfarnaðar á komandi árum, og gaf síðan Ara Thorarensen orðið. Hann þakkaði traust sér sýnt, vonaðist eftir áframhaldandi góðu samstarfi á þessum vettvangi, óskaði fundarmönnum gleðilegra jóla og sagði fundi slitið.

Halla Guðmundsdóttir
ritari Héraðsnefndar Árnesinga.

Eftirtaldir fundarmenn sátu fundinn:

Helgi S. Haraldsson	hlh@eimskip.is
Eggert Valur Guðmundsson	eggertvalur@simnet.is
Sandra Dís Hafþórsdóttir	sandradis@arborg.is
Eypór Arnalds	arnalds@gmail.com
Arna Ír Gunnarsdóttir	arna@arborg.is
Þórdís Eygló Sigurðardóttir	thordise@arborg.is
Ari Thorarensen	arith@simnet.is
Gunnar Þorgeirsson	oddviti@gogg.is
Sveinn Steinarsson	sveinn@olfus.is
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir	johannayrj@hveragerdi.is
Guðmundur Þór Guðjónsson	gudmundur@jotunn.is
Aðalsteinn Sveinsson	adalsteinn@floahreppur.is
Björgvin Skafti Bjarnason	oddviti@skeidgnup.is
Drífa Kristjánsdóttir	torfast@simnet.is